

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs
4. fundur 23. ágúst 2001

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 23. ágúst 2001 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð, og hófst kl. 16.15.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Ólafs Ásgeirssonar þjóðskjalavarðar og Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar.

Formaður setti fund og bauð þangað velkominn Ólaf Ásgeirsson þjóðskjalavörð, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Fundur með þjóðskjalaverði.
2. Kynning og formleg opnun safnsins.
3. Tæki og búnaður.
4. Staða mála og verkefni framundan.
5. Önnur mál.

1. Fundur með þjóðskjalaverði.

Formaður bað héraðsskjalavörð að gera þjóðskjalaverði grein fyrir ástæðum fundarins. Héraðsskjalavörður bauð hann velkominn og kvað stjórnina hafa viljað ræða almennt við hann í upphafi starfs um héraðsskjalasöfn, safnið í Kópavogi og Þjóðskjalasafn, en tiltók síðan þrjá liði sérstaklega: a) fyrirhugaða opnun safnsins, b) hvaða skjalagögn tengd Kópavogi væru í Þjóðskjalasafni og c) fjárstyrk til héraðsskjalasafna.

a) Rætt var um fyrirhugaða opnun héraðsskjalasafnsins í haust og skjalaverði falið að kanna ýmis praktísk atriði í því sambandi, m.a. hugsanlega sýningu, áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar. Vilji stjórnar var þó sá að draga þær ekki of lengi. Þjóðskjalavörður gaf fyrirheit um að Þjóðskjalasafn yrði héraðsskjalasafninu innan handar í tengslum við opnunina.

b) Rætt var um upprunaregluna sem grundvallarreglu í skjalfræði, m.ö.o. að forðast ætti að aðgreina eða sundra þeim skjölum sem eðli málsins samkvæmt eiga sér sama uppruna, t.d. skjöl ríkis og stofnana þess annars vegar og sveitarfélaga og stofnana þeirra hins vegar. Í stórum dráttum væri ætlast til þess að héraðsskjalasöfn geymdu skjöl sveitarfélaga og Þjóðskjalasafn ríkisskjalahlutann og varðveisl- og eftirlitshlutverk þeirra mótaðist mjög af því. Þó væri skiptingin fjarri því að vera hrein (t.d. hefði skjalasöfnum sýslumanna verið skipt eftir efni milli Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna), en ef þörf krefði ættu héraðsskjalasöfn að geta fengið gögn að láni úr Þjóðskjalasafni.

c) Í tengslum við lögbundna eftirlitsskyldu Þjóðskjalasafns með héraðsskjalasöfnunum og vegna eftirlitsskyldu safnanna skv. stjórnslu- og upplýsingalögum og vegna heimildar sveitarfélaganna til þess að stofna og reka héraðsskjalasöfn er Þjóðskjalasafni heimilt að styrkja þau af ríkisfé. Sá styrkur hefur verið 300-400 þús. kr., veittur til ákveðinna verkefna í viðkomandi safni. Þjóðskjalavörður lýsti yfir vilja til að styðja óskir Héraðsskjalasafns Kópavogs um styrk af þessu fé á næsta ári ef fram kæmu.

Eftir fróðlegar umræður og skoðanaskipti hvarf þjóðskjalavörður af fundinum sem var fram haldið skv. dagskrá.

2. Kynning og formleg opnun safnsins.

Sjá 1. lið a).

3. Tæki og búnaður.

Keypt hefur verið og tekin í notkun "Nashuatec"-ljósritunarvél sem jafnframt má nota sem faxtæki.

Þá samþykkti stjórnin að fela héraðsskjalaverði, í samráði við bæjarritara, að leita eftir kaupum á hentugri fartölvu á hóflegu verði, þ.e. á verðbilinu 150-170 þús. kr. Fartölva nýtist bæði fyrir vinnu í geymslum og heimtingu skjala sem varða Kópavog en sem vistuð eru utan safnsins eða bæjarfélagsins, og vistun þeirra í skjalasafninu í rafrænu formi. Einnig nýtist vélin aðstoðarmanni.

Lagfæringar höfðu verið gerðar á tenglum og raflögnum í samráði við Halldór Jónsson f.h. leigusala. Ennfremur var upplýst að næsta dag væri væntanlegur starfsmaður frá Þjóðskjalasafni til að setja upp skjalaskráningarkerfi (file-maker).

4. Staða mála og verkefni framundan.

a) Héraðsskjalaverði var falið að ganga frá ræstingamálum skv. þeim venjum sem um þau gilda hjá bænum og stofnunum hans.

b) Jafnframt var honum falið að vinna áfram að samkomulagi um notkun safnsins og leigusala á sameiginlegum hluta húsnæðisins í Hamraborg 1-3.

c) Vegna hugsanlegrar sýningar í tengslum við opnun safnsins lagði Hjörtur til að farið yrði fram á það við Þjóðskjalasafn að fá lánað frumrit erfðahyllingarskjalsins frá Kópavogsfundinum 1662 eða góða eftirmynd þess og aðrir fundarmenn nefndu til viðbótar sýnishorn af gömlum dómum og gögnum varðandi Seltjarnarneshrepp og tilurð kaupstaðarins auk gamalla ljósmynda.

d) Loks voru lögð fram gögn úr bókhaldi um fjárveitingar til safnsins og fjármál þess og þetta rætt. Í því sambandi leggur stjórnin áherslu á að fjárveitingar til Héraðsskjalasafns Kópavogs og fjármál þess verði skýrt afmörkuð í bókhaldi og stjórnslu bæjarins.

5. Önnur mál.

a) Fundargerð síðasta fundar var samþykkt undir þessum lið.

b) Ritari upplýsti að hann væri á förum til útlanda 25. september og yrði fjarverandi til nóvemberloka. Samþykkt var að stefna að næsta fundi áður en hann færi.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 18.15.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Gylfi Gröndal

Hjörtur Pálsson
ritari

Leó Ingason
héraðsskjalavörður